



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík  
[anr@anr.is](mailto:anr@anr.is)

Reykjavík, 23. október 2019

**Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks.**

Hinn 16. október sl. birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is.

Afstaða SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar er sú að þau áform sem endurspeglast í frumvarpsdrögunum séu í meginatriðum mjög jákvæð. Lýsa samtökin stuðningi við áform ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um einföldun regluverks.

Að framangreindu sögðu komast SAF þó ekki hjá því að lýsa andstöðu við breytingar sem til stendur að leggja til á ákvæðum IV. kafla laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Í kaflanum er kveðið á um sölu notaðra ökutækja en í frumvarpsdrögunum er lagt til að löggilding bifreiðasala verði afnumin.

Á vettvangi samtakanna hefur verið lýst verulegum áhyggjum af afnámi löggildingar bifreiðasala enda telja mörg aðildarfyrirtækja samtakanna nauðsynlegt að traust ríki um viðskipti með notuð ökutæki. Hafa verður í huga að veruleg verðmæti eru jafnan undir í slíkum viðskiptum og getur óvissa og óöryggi bæði aukið umstang og viðskiptakostnað. Að mati samtakanna er bæði kostum gildandi fyrirkomulags og helstu þáttum sem valdið geta óöryggi lýst nokkuð vel í umsögn Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda um frumvarpsdrögin.

**Samandregið fagna samtökin frumvarpsdrögunum og framtaki ráðherra við einföldun regluverks en lýsa þó andstöðu við afnám löggildingar bifreiðasala.**

F.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Skapti Örn Ólafsson